# Ást, vinátta og allt þar á milli: Kynverund fólks með þroskahömlun

Kristín Kjartan Björnsdóttir, prófessor
Hekla Björk Hólmarsdóttir, háskólastúdent

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Rannsóknin




- Sjálfræði og fólk með þroskahömlun
  - Ástríður Stefánsdóttir og Guðrún V. Stefánsdóttir
- Þátttakendur voru 71 talsins
  - Tekin voru viðtöl við 41 einstakling með þroskahömlun
  - 30 einstaklingar heimsóttir sem gátu ekki tjáð sig með orðum – fylgst með því hvernig þeir fengu að ráða á heimilum sínum og í daglegu lífi
- Kbjorns@hi.is

**Forræðishyggja**

Hefur áhrif á kynverund fólks með þroskahömlun

**Kynfræðsla**

Takmörkuð og ómarkviss



**Handrit**

Óskrifað félagslegt handrit um hlutverk kynja og um hegðun og væntingar þegar kemur að kynlífi, aðdraganda þess og eftirmála

**Aðstoð**

Kynverund sjaldan hluti að stuðningsáætlunum/ einstaklingsáætlunum

HÍ

“Mamma og ég við erum soldið sjálfstæð sko. Ég vil nú eiginlega flytja að heiman og búa einn en mamma segir að ég geti það ekki út af fötluninni sem ég er með.”

þrítugur karl

“Maður fær ekki að vera einn útaf fyrir sig [á sambýli]. Maður getur ekki gert neitt sjálfur [á sambýlinu].”

tæplega þrítug kona

“Þegar ég sagði þeim [foreldrum] að ég væri hommi þá sögðu þau að ég skildi ekki hvað það væri.”

tvítugur maður

“Þú kannt þetta ekki [að hugsa um barn] af því að þú ert þroskaheft.”

kona sem var þvinguð í fóstureyðingu

## RÁÐANDI KARLMENNSKA OG STYÐJANDI KVENLEIKI





- Maðurinn er „career-driven“
- Karlmaðurinn er meira gerður fyrir að hafa peningaáhyggjur



- Konan er „nurturing“
- Konan er í pilates - konan hugsar um sig
- Konan hugsar um heimilið
- Konan hugsar um börnin

## KONAN HUGSI UM BÖRNIN OG KARLINN UM PENINGANA

Helvítis femínistabelja alltaf að skipta sér af mér.

karl á fimmtugsaldri

Ég er sú eina sem þori.
Ég opna munninn þegar ég reiðist og égríf kjaft þegar ég reiðist mjög illa.

kona sem bjó á sambýli



HANDRITIN MÍN OG HANDRITIN ÞÍN

ÉG NOTA YFIRLEITT EKKI SMOKKA VEGNA ÞESS AÐ KONAN SEM ÉG ER MEÐ ER SEM SAGT ÓFRJÓ ... ÉG VEIT ÉG GET VAÐIÐ INN ÁN ÞESS AÐ NOKKUÐ GERIST.

KARL UM FERTUGT

MÖMMU MINNI KEMUR EKKI VIÐ HVAÐ ÉG GERI. ÞETTA ER MITT LÍF OG ÉG RÆÐ HVAÐ ÉG GERI.

KONA UM ÞRÍTUGT

ÞAÐ MÁ EKKI FRÉTTAST AÐ VIÐ SÉUM SAMAN.
ÞÁ MISSI ÉG ALLT.

KONA UM ÞRÍTUGT

ÉG VIL EKKI LÁTA FERÐAÞJÓNUSTUNA SKUTLA MÉR Í BÚÐINA [KYNLÍFSTÆKJABÚÐINA]

KARL RÚMLEGA FERTUGUR

ÉG HUGSA STUNDUM AF HVERJU MÉR FINNST ÞETTA GOTT. ER ÉG EITTHVAÐ KJÁNALEGUR AÐ FINNAST ÞETTA GOTT.

KARL UM ÞRÍTUGT



EMBLA



TRISTA MARIE



AARON ROSE



RAFI




# Verkefnið

- Samvinnurannsókn
- Rýnihópaviðtöl
- 26 þátttakendur á aldrinum 15 – 20 ára
- Doktorsnemi aðstoðaði okkur við að búa til viðtalsramma
- Við tókum sjálf viðtölin
- Við afrituðum viðtölin sjálf
- Við fengum stuðning við að greina viðtölin



# Ást og vinátta

- Stelpa sagði: „Ást og vinátta eru ólíka plánetur. Þú hefur vina plánetuna hér og ástar plánetuna hér og svo er bara sólin á milli“
- Upplifun af ást:
  - Strákurinn sagði: „Þegar ég sá hana fyrst þá var ég [dregur djúpt andann] og hugsaði með mér OMG hvað hún er falleg
  - Stelpan svaraði: „Þegar ég sá hann fyrst þá roðnaði ég bara“



# Meiri ást og vinátta

- Strákur sagði: „Ég veit ekki hvort ég vil verða ástfanginn, þú veist það ekki fyrr en það skeður fyrir þig“.
- Stelpa sagði: „Það tekur tíma að verða ástfangin. Þú þarft ekki að flýta þér. Það er best ef það gerist í rólegheitunum“

# Kostir og gallar við ástina

**Kostir**

- Þú verður ekki einmana
- Það er alltaf einhver til staðar fyrir þig
- Þú kynnist fleira fólki
- Þú munt kannski eignast þína eigin fjölskyldu í framtíðinni

**Gallar**

- Stelpa sagði: „Sambönd eru tímasóun“
- Strákur sagði: „Kannski þegar ég er búinn með skólann. Þetta tekur of mikinn tíma“
- Það er hræðilegt að lenda í ástarsorg



# Sambönd

- Heilbrigð sambönd:
  - Að koma alltaf vel fram við hinn aðilann
  - Lykillinn að góðu sambandi er traust og heiðarleiki
- Stelpa sagði: „Það er gott að vera heiðarlegur en samt ekki of hreinskilinn því þá verður sambandið bara toxic“



# Foreldrar

- Nemendurnir vildu tala um ást og vináttu við foreldra sína
- Sumir voru feimnir við að tala við foreldra sína um þessi mál
- Sumir voru feimnir að hitta foreldra kærustunnar/kærastans
- Ein stelpa sagði: „Það væri gott ef foreldrar hans mundu líka vel við mig, en þau þurfa þess ekkert“
- Það er mikilvægt að tala við unglinga um ást og vináttu
- Það er líka mikilvægt fyrir unglinga að tala við hvert annað



# Að lokum

- Ungt fólk vill tala um ást og vináttu
- Nemendur á starfsbrautum hafa sömu drauma og óskir um framtíðina og aðrir nemendur
- Kynfræðsla á ekki bara að snúast um kynlíf og smokka
- Kynfræðsla þarf líka að fjalla um sambönd, traust og hvernig þér líður þegar „ástin skeður“



Þýt niður götuna, orðin alltof sein á ómerkilegan fund.

Mæti konu, sem ég kannast við. Hún horfir á mig eins og ég sé hvolpur.

Hún vorkennir mér, alltaf. Finnst ég svo dugleg.

„Þú þýtur hér um eins og herforingi“,

segir hún og ég velti fyrir mér hvers vegna fötluðu fólki er stöðugt líkt við herforingja.

„Flýttu þér hægt, svo þú ofgerir þér ekki“,

segir hún að lokum og strýkur mér um vangann eins og ungbarni.

Ef hún bara vissi hvað þessi morgunn tók á. Þegar við lágum tvær saman uppi í rúmi.

Skiptumst á að fá það.

Þurftum svo að hætta, þó við ættum nóg inni, svo ég kæmist á þennan ómerkilega fund.